

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Katrínar Pálsdóttur.
Útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra, 5. júlí 1976.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð Katrínar Pálsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Katrínarsjóður.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Katrínu Pálsdóttur af börnum hennar, tengdabörnum, barnabörnum, vinum og Mæðrafélaginu í Reykjavík.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er krónur 200 000.00 — tvö hunduruð þúsund krónur — í ríkistryggðum verðbréfum.

Höfuðstóllinn skal aldrei vera lægri en kr. 100 000.00 — eitt hundrað þúsund krónur — meðan hann er talinn virkur.

4. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu Mæðrafélagsins í Reykjavík og kýs það stjórn hans, það er formann, féhirði, ritara og tvo varamenn.

Endurskoðun á fjárreiðum sjóðsins skal framkvæmd árlega af endurskoðendum Mæðrafélagsins. Verði ágreiningur um mál sjóðsins, innan stjórnar hans, skal slíkum ágreiningi skotið til stjórnar Mæðrafélagsins, sem hefir úrskurðarvald í slíkum málum.

5. gr.

Hlutverk sjóðsins er:

1. Að styrkja Mæðrafélagskonur til dvalar í sveit með börnum sínum og eða barnabörnum, þá er stjórn sjóðsins einnig heimilt að styrkja utanfélagskonur í sama augnamiði.
2. Að gleðja unga og gamla af báðum kynjum, sem sjúkir eru og bágstaddir, eftir mati stjórnar sjóðsins.

6. gr.

Ef sjóðsstjórnin telur sig ná betri árangri í því, sem sjóðurinn á að þjóna og ef efnahagur leyfir er henni heimilt að kaupa eða leigja sumarbústað eða aðra aðstöðu til þess.

7. gr.

Þar sem sjóðurinn hefur engar fastar tekjur verður stjórn hans að afla honum tekna með því t. d. að selja minningarkort, áheitum, happdrætti o. s. frv., eftir því, sem stjórnin telur heppilegt á hverjum tíma.

8. gr.

Ef Mæðrafélagið yrði lagt niður, þá skal sjóðurinn og eignir hans ganga óskiptar til Hlífarsjóðs, sem er í vörslu S. Í. B. S. og lög þeirra samræmd.

9. gr.

Eignir sjóðsins, það er lausafé hans, skal jafnan ávaxtast í verðtryggðum ríkis-skuldabréfum, þeim, sem auðseljanlegust eru.